

Byggðastofnun

Árshlutauppgjör janúar - júní 2019

Ártorg 1
550 Sauðárkrókur

Kt. 450679-0389

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar Byggðastofnunar og forstjóra.....	1
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda.....	5
Rekstrarreikningur.....	6
Efnahagsreikningur.....	7
Sjóðstreymi.....	8
Skýringar.....	9

Skýrsla stjórnar Byggðastofnunar og forstjóra

Hlutverk

Um stofnunina gilda lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 og reglugerð nr. 347/2000. Hlutverk Byggðastofnunar er að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu. Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra haghafa. Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins.

Rekstur tímabilið janúar - júní 2019

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri stofnunarinnar 24,7 milljónum króna á tímabilinu en til samanburðar var 62,7 milljóna króna hagnaður á sama tímabili árið 2018. Eigið fé í lok júní 2019 samkvæmt efnahagsreikningi var 3.145 milljónir króna. Eiginfjárlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki var 20,07% en var 21,45% í lok árs 2018.

Samkvæmt 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki skal eiginfjárgrunnur í heild nema að lágmarki 8% af áhættugrunni, en í lok júní var eiginfjárlutfall stofnunarinnar 20,07% eins og að ofan greinir. Fjármálaeftirlitið (FME) hefur ákveðið í samræmi við heimildir sínar, samkvæmt 1. og 2. mgr. 86. gr. d laga um fjármálafyrirtæki, sveiflujöfnunarauka fyrir stofnunina auk verndunarauka skv. 86 gr. e sömu laga. Samanlögð krafa um eiginfjáruka er 4,25%. Skv. ákvörðun FME skal Byggðastofnun viðhalda 1,75% sveiflujöfnunarauka og 2,5% verndunarauka frá og með 15. maí 2019. Samkvæmt bréfi FME dags. 1. febrúar 2019 skal Byggðastofnun viðhalda 2,0% sveiflujöfnunarauka frá 1. febrúar 2020.

Í byrjun janúar 2019 óskaði Framkvæmdasýsla ríkisins fyrir hönd Byggðastofnunar eftir tilboðum í byggingu á nýrri skrifstofubyggingu fyrir stofnunina að Sauðármýri 2 á Sauðárkróki. Lægstbjóðandi var Friðrik Jónsson ehf. og er stefnt að verklokum vorið 2020. Um mitt ár 2018 var haldið útboð vegna byggingar nýs skrifstofuhúsnæðis fyrir Byggðastofnun á Sauðárkróki. Voru öll tilboð sem bárust töluvert hærri en kostnaðaráætlun og ákvað stjórn Byggðastofnunar að hafna öllum tilboðum og endurskoða verkið. Lægstbjóðandi í útboðinu hefur sent stofnuninni bréf þar sem krafist er bóta vegna galla á útboðinu en stofnunin hefur hafnað þeim kröfum.

Efnahagur stofnunarinnar nam í lok júní 17.052 milljónum króna og hefur hækkað um 2.166 milljónir króna á tímabilinu. Stærsti einstaki liðurinn á eignahlið efnahagsreiknings eru útlán til viðskiptavina og námu þau 13.039 milljónum króna og höfðu hækkað um 926 milljónir króna frá áramótum. Handbært fé í lok júní nam 2.197 milljónum króna, en var 1.102 milljónir króna í árslok 2018. Lántökur námu 13.679 milljónum króna og höfðu hækkað um 2.174 milljónir króna á tímabilinu. Ný útlán á tímabilinu námu 1.169 milljónum króna á móti 1.905 milljónum króna á sama tímabili árið 2018.

Í apríl 2019 samþykkti stjórn nýjan lánaflökk til verkefna sem stuðla að umhverfisvernd í landsbyggðunum, svokölluð Græn lán. Þessi lán eru veitt til verkefna sem með einum eða öðrum hætti stuðla að umhverfisvernd, s.s. nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa, bættrar orkunýtni, mengunarvarna, bættrar auðlindanotkunar, lífrænnar matvælaframleiðslu o.s.frv.

Stjórnarhættir

Málefni byggðamála, og þar á meðal Byggðastofnun heyra undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.

Skýrsla stjórnar Byggðastofnunar og forstjóra

Skv. 3. gr. laga um Byggðastofnun skipar ráðherra á ársfundi sjö menn í stjórn Byggðastofnunar til eins árs í senn og sjö menn til vara. Á ársfundi stofnunarinnar 10. apríl 2019 skipaði samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra nýja stjórn sem sitja skal fram að næsta ársfundi en þó ekki lengur en til 1. júlí 2020. Í stjórnina voru skipuð Magnús Björn Jónsson stjórnarformaður, Halldóra Kristín Hauksdóttir varaformaður, Gunnar Þór Sigbjörnsson, Gunnar Þorgeirsson, Karl Björnsson, María Hjálmarsdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir. Úr stjórninni gekk Illugi Gunnarsson. Á sama tíma voru sjö varamenn skipaðir, þau Anna Guðrún Björnsdóttir, Bergur Elías Ágústsson, Eiríkur Blöndal, Herdís Þórðardóttir, Magnús Þór Hafsteinsson, Oddný María Gunnarsdóttir og Þórey Edda Elísdóttir. Ráðherra skipar formann og varaformann og ákveður þóknun stjórnar. Fjármálaeftirlitið metur hæfi stjórnarmanna skv. 52. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Í 4. gr. laga um Byggðastofnun er nánar kveðið á um verkefni stjórnar. Stjórn hefur sett sér reglur um störf sín og voru þær síðast endurskoðaðar 27. febrúar 2019.

Stjórn Byggðastofnunar leitast við að viðhalda góðum stjórnunarháttum og hefur sett sér reglur um störf stjórnar auk siðareglna fyrir starfsfólk og stjórn. Þá hafa verið settar starfsreglur fyrir endurskoðunarnefnd og stjórn hefur skilgreint hlutverk regluvarðar. Hjá stofnuninni starfar lánanefnd sem fjallar um allar lánsúmsóknir, sölu fullnustueigna auk þess að gera tillögu til stjórnar um sölu hlutabréfa og afgreiðslu lánamála yfir sínum heimildamörkum. Þá eru til staðar hjá stofnuninni aflamarksnefnd, áhættumatsnefnd, og öryggisnefnd sem settar hafa verið verklagsreglur um. Verklagsreglur um útlánastarfsemi, fjármála- og eignausmsýslu hafa verið uppfærðar reglulega og í þeim er m.a. kveðið á um heimildir lánanefndar.

Í umboði stjórnar starfar endurskoðunarnefnd sem hefur lögbundið eftirlitshlutverk með endurskoðun stofnunarinnar. Endurskoðunarnefnd skal aðstoða stjórn við að uppfylla skyldur sínar með því að starfa sem óháður og hlutlægur aðili sem hefur eftirlit með reikningsskilaferli stofnunarinnar og innra eftirliti hennar ásamt störfum ytri og innri endurskoðenda stofnunarinnar eins og nánar er tilgreint í verklagsreglum hennar og í samræmi við 108. gr. b. laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

Stjórn ber ábyrgð á skipun endurskoðunarnefndar og skal nefndin svara beint til stjórnar. Hún skal skipuð þremur aðilum eigi síðar en mánuði eftir aðalfund. Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum Byggðastofnunar og meirihluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður Byggðastofnun. Á fundi stjórnar 17. maí 2019 voru Ragna Hjartardóttir, Sigríður Jóhannesdóttir og Ólafur Sigurbergsson skipuð í endurskoðunarnefnd Byggðastofnunar til eins árs og Halldóra Kristín Hauksdóttir til vara.

Stjórn skipar regluvörð samkvæmt erindisbréfi og kemur regluvörður að lágmarki einu sinni á ári fyrir stjórn og kynnir skýrslu um þau málefni sem undir starfssvið hans heyra. Þá hefur stjórn einnig skipað persónuverndarfulltrúa skv. erindisbréfi.

Ríkisendurskoðun ber ábyrgð á endurskoðun Byggðastofnunar skv. 3. gr. laga um Ríkisendurskoðun og endurskoðun ríkisreikninga nr. 46/2016. Ríkisendurskoðun fól PricewaterhouseCoopers ehf. í kjölfar útboðs að sjá um endurskoðun á ársreikningi Byggðastofnunar í umboði sínu rekstrarárin 2018-2024.

Byggðastofnun er undanþegin rekstri á innri endurskoðunardeild skv. ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá árinu 2012. Árið 2016, í kjölfar útboðs, samdi Byggðastofnun við KPMG um að sjá um innri endurskoðun Byggðastofnunar á árunum 2016-2020.

Verkefni forstjóra eru nánar tilgreind í 5. gr. laga um Byggðastofnun og í erindisbréfi ráðherra.

Stofnunin skiptist í fjögur svið, fyrirtækj svið, lögræðisvið, rekstrarsvið og þróunarsvið. Fjöldi starfsmanna í lok júní var 27 í jafn mörgum stöðugildum.

Áhættustýring

Skv. niðurstöðu Fjármálaeftirlitsins frá árinu 2015 er Byggðastofnun undanþegin starfrækslu áhættunefndar sbr. 5 mgr. 78 gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Vegna þessarar undanþágu þá hvíla starfsskyldur áhættunefndar sem mælt er fyrir um á stjórn Byggðastofnunar.

Skýrsla stjórnar Byggðastofnunar og forstjóra

Á árinu 2015 var í fyrsta skipti staðfest áhættustefna af stjórn Byggðastofnunar og er hún endurskoðuð árlega, nú síðast í október 2018, en stjórn Byggðastofnunar ber ábyrgð á áhættustýringu stofnunarinnar. Skv. 11. gr. laga um Byggðastofnun skal fjárhagslegt markmið lánastarfsemi stofnunarinnar vera að varðveita eigið fé að raungildi og hefur því lítinn áhættuvilja, en stjórn stofnunarinnar ákveður viðunandi áhættu. Fjórum sinnum á ári fær stjórn stofnunarinnar upplýsingar um áhættu stofnunarinnar og framkvæmd áhættustýringar.

Áhættustýring og virkt innra eftirlit er ein af meginstoðum ábyrgs reksturs stofnunarinnar. Byggðastofnun hefur skilgreint helstu áhættuþætti í rekstri sínum. Þeir eru útlánaáhætta, samþjöppunaráhætta, markaðsáhætta, gengisáhætta, vaxtaáhætta, uppgreiðsluáhætta, verðbólguáhætta, lausafjáraáhætta, útstreymisáhætta, seljanleikaáhætta, rekstraráhætta, upplýsingatækniáhætta, pólitísk og lagaleg áhætta, orðsporsáhætta og starfsmannaáhætta.

Virkt innra eftirlit er hjá stofnuninni og hafa flestir ferlar verið skráðir niður. Þessir ferlar og áhættuþættir eru metnir reglulega. Hafa úttektir sýnt fram á að skilgreindar eftirlitsaðgerðir eru virkar.

Í samræmi við 17. grein laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki hefur verið skipaður sérstakur umsjónarmaður áhættustýringar hjá Byggðastofnun og gilda um störf hans reglur um umsjónarmann áhættustýringar sem samþykktar voru af stjórn í janúar 2017. Hefur umsjónarmaður áhættustýringar beinan og milliliðalausán aðgang að stjórn Byggðastofnunar og flytur skýrslu um þau málefni sem undir starfssvið hans heyra einu sinni á ári auk þess að leggja fyrir stjórn ársfjórðungslega áhættuskýrslu.

Fjármögnun

Í janúar 2019 var gefinn út 2.450 milljóna króna skuldabréfaflokkur sem skráður var í Kauphöll Íslands. Var hann til 15 ára og ber 1,96% vexti. Að auki hefur stofnunin 2.500 milljóna króna lántökuheimild á árinu.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf samkvæmt 66. gr. d í lögum um ársreikninga

Byggðastofnun telst til eininga tengdum almannahagsmunum eins og hugtakið er skilgreint í lögum um ársreikninga nr. 3/2006, með síðari breytingum. Meginhlutverk stofnunarinnar er að tryggja lánsframboð á byggðalega viðkvæmum svæðum.

Stjórn Byggðastofnunar hefur sett sér starfsreglur þar sem m.a. er kveðið á um að stjórnarformanni í Byggðastofnun sé óheimilt að taka að sér önnur störf fyrir stofnunina en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns. Stjórnarmaður skal ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti hans sjálfs, fyrirtækis sem hann á virkan eignarhlut í, situr í stjórn, er í forsvari fyrir, er starfsmaður við eða á verulegra hagsmuna að gæta í eða telst að öðru leyti innherji í, svo og varðandi samkeppnisaðila slíkra fyrirtækja. Sama gildir um þátttöku í meðferð máls sem tengist aðila sem er venslaður stjórnarmanni persónulega eða fjárhagslega. Aðalmenn og varamenn í stjórn Byggðastofnunar, eða fyrirtæki sem þeir eiga eða eru í forsvari fyrir, skulu ekki sækja um lán og/eða styrki hjá stofnuninni. Öll önnur viðskiptaerindi stjórnarmanna og/eða varamanna, og fyrirtækja sem þeir kunna að eiga eða vera í forsvari fyrir skulu lögð fyrir stjórn Byggðastofnunar.

Stjórn Byggðastofnunar hefur einnig sett siðareglur sem gilda um stjórn og starfsmenn. Siðareglur minna starfsmenn og stjórn Byggðastofnunar og aðra þá sem starfa í umboði hennar á víðtækar og strangar siðferðiskröfur sem gerðar eru til þeirra og stuðla þannig að því að efla það traust og þann trúverðugleika sem stofnuninni er nauðsynlegt að hafa.

Byggðastofnun fylgir lögum, reglum og samningum sem snerta jafnréttismál og gilda á hverjum tíma. Byggðastofnun er vinnustaður þar sem konur og karlar eru metin á eigin forsendum, hafa jafna möguleika og sömu réttindi í starfi og til starfsframa. Jafnréttisáætlun Byggðastofnunar er ætlað að stuðla að jöfnum rétti og stöðu kynjanna innan stofnunarinnar og samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í starfi og stefnumótun Byggðastofnunar. Jafnréttisáætlun Byggðastofnunar nær til allrar starfsemi Byggðastofnunar.

Skýrsla stjórnar Byggðastofnunar og forstjóra

Árið 2018 veitti Jafnréttisstofa Byggðastofnun heimild til að nota jafnlaunamerkið árin 2018-2021. Í því fólst staðfesting á að Byggðastofnun hafi fengið vottun á jafnlaunakerfi sínu samkvæmt jafnlaunastaðli ÍST 85:2012 og uppfyllti öll skilyrði staðalsins. Með því er staðfest að launaákvæðanir séu kerfisbundnar, að fyrir hendi sé jafnlaunakerfi samkvæmt kröfum jafnlaunastaðals og að reglubundið er fylgst með því hjá stofnuninni að starfsfólk sem vinnur sömu eða jafnverðmæt störf hafi sambærileg laun óháð kynferði.

Byggðastofnun hefur sjálfbæra þróun og vernd umhverfisins að leiðarljósi í öllu sínu starfi. Á þann hátt leggur Byggðastofnun sitt af mörkum til að mæta þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til þess að mæta þörfum sínum. Umhverfis- og samfélagsstefnan og framkvæmd hennar er liður í daglegu starfi Byggðastofnunar til að draga úr álagi á umhverfið, auka gæði og vekja áhuga á innra umhverfisstarfi og samfélagslegri ábyrgð. Stefnan tekur til allrar starfsemi Byggðastofnunar.

Atburðir eftir lok tímabils

Þann 30. ágúst 2019 sögðu Gunnar Þór Sigbjörnsson og Magnús Þór Hafsteinsson sig frá setu í stjórn Byggðastofnunar.

Framtíðarhorfur

Eiginfjárstaða stofnunarinnar er sterk og gefur henni færi á að vera öflugur bakhjarl fyrirtækja á landsbyggðunum.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra


Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningskil lánastofnana.


Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af rekstri Byggðastofnunar á tímabilinu janúar - júní 2019, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 30. júní 2019 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu.


Jafnframt er það álit okkar að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri stofnunarinnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissum sem stofnunin býr við.


Stjórn Byggðastofnunar og forstjóri hafa fjallað um árshlutareikninginn fyrir tímabilið janúar - júní 2019 og staðfesta hann með undirritun sinni.


Sauðárkróki, 30. ágúst 2019



Magnús B. Jónsson formaður


Gunnar Þorgeirsson


Halldóra K. Hauksdóttir


María Hjálmasdóttir


Sigríður Jóhannesdóttir


Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og forstjóra Byggðastofnunar

Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi árs hlutareikning Byggðastofnunar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2019. Árs hlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og forstjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árs hlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ábyrgð okkar felst í þeirri ályktun sem af könnun okkar leiðir.

Umfang könnunar


Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árs hlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum stofnunarinnar ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til þess að meðfylgjandi árs hlutareikningur gefi ekki glögga mynd af afkomu stofnunarinnar á tímabilinu, efnahag hennar 30. júní 2019 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Reykjavík, 30. ágúst 2019

PricewaterhouseCoopers ehf.



Arna G. Tryggvadóttir
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur janúar - júní 2019

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

		2019	2018
	Skýr.	janúar - júní	janúar - júní
Vaxtatekjur			
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir.....		43.417	29.576
Vaxtatekjur og verðbætur af útlánum.....		566.689	483.398
		<u>610.106</u>	<u>512.974</u>
Vaxtagjöld			
Vaxtagjöld og verðbætur af lántökum.....		356.924	285.297
Önnur vaxtagjöld.....		59	78
		<u>356.982</u>	<u>285.375</u>
	Hreinar vaxtatekjur	<u>253.123</u>	<u>227.599</u>
Rekstrartekjur			
Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum.....	6	208.500	188.096
Gengismunur.....	7	2.504	146
Aðrar rekstrartekjur.....	8	70.406	108.197
		<u>281.410</u>	<u>296.438</u>
	Hreinar rekstrartekjur	<u>534.533</u>	<u>524.037</u>
Rekstrargjöld			
Veitt framlög til atvinnuráðgjafa.....		104.100	101.148
Veittir aðrir styrkir.....		32.623	70.226
Laun og launatengd gjöld.....	3,4	188.763	186.047
Annar rekstrarkostnaður.....		99.665	79.724
Rekstur fullnustueigna.....	12	2.893	(4.041)
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna.....	15	2.875	3.012
Framlög í afskriftarr. útlána o.fl.....	2,13	78.868	25.226
		<u>509.786</u>	<u>461.344</u>
	Hagnaður tímabilsins	<u>24.747</u>	<u>62.693</u>

Efnahagsreikningur 30. júní 2019

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

		30.6.2019	31.12.2018
	<i>Skýr</i>		
Eignir			
Bankainnstæður.....	9	2.196.940	1.102.471
Útlán til viðskiptavina.....	10	13.039.452	12.113.274
Fullnustueignir.....	11	363.902	347.510
Veltuhlutabréf.....	14	587.355	571.706
Hlutdeildarfélög.....	14	674.017	642.237
Viðskiptakröfur.....		6.023	29.713
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	15	184.794	79.403
		<hr/>	<hr/>
Eignir samtals		17.052.483	14.886.313
		<hr/>	<hr/>
Skuldir og eigið fé			
Lántökur og skuldabréfaútgáfur.....	17	13.678.567	11.504.095
Óráðstöfuð framlög.....		96.590	123.593
Aðrar skuldir.....		131.899	137.944
		<hr/>	<hr/>
Skuldir samtals		13.907.056	11.765.633
		<hr/>	<hr/>
Eigið fé			
Eigið fé.....	2,18	3.145.427	3.120.680
		<hr/>	<hr/>
Skuldir og eigið fé samtals		17.052.483	14.886.313
		<hr/>	<hr/>

Sjóðstreymi janúar - júní 2019

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

	2019 janúar - júní	2018 janúar - júní
Handbært fé frá rekstri		
Hagnaður tímabilsins.....	24.747	62.693
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:		
Framlög í afskriftarr. útlána og matsbreyting hlutabréfa.....	71.833	24.066
Afskriftir rekstrarfjármuna.....	2.875	3.012
Vextir, verðbætur og gengismunur.....	(24.165)	(100.620)
Handbært fé frá (til) rekstrar	75.290	(10.848)
Fjárfestingarhreyfingar		
Afborganir útlána.....	503.477	428.020
Veitt lán.....	(1.168.980)	(1.905.465)
Innleystar eignir.....	(892)	(4.883)
Hlutabréf.....	(16.940)	55.013
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	(108.266)	(18.570)
Viðskiptakröfur.....	23.690	9.612
Fjárfestingarhreyfingar	(767.911)	(1.436.272)
Fjármögnunarhreyfingar		
Afborganir af lántökum.....	(629.860)	(418.714)
Nýjar lántökur.....	2.450.000	2.000.000
Aðrar skuldir og óráðstöfuð framlög.....	(33.049)	(35.818)
Fjármögnunarhreyfingar	1.787.092	1.545.469
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	1.094.470	98.347
Handbært fé í ársbyrjun	1.102.471	1.089.861
Handbært fé í lok tímabilsins.....	2.196.940	1.188.208

Skýringar

1. Upplýsingar um stofnunina

Byggðastofnun er lánastofnun, kt. 450679-0389 og er megin starfsemi stofnunarinnar fólgin í útlánum og öðrum fjárhagslegum stuðningi auk þess að fylgjast með þróun byggðar á Íslandi. Lögheimili stofnunarinnar er að Ártorgi 1, 550 Sauðárkróki.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Árshlutareikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Árshlutareikningurinn er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í þúsundum króna, nema þar sem annað er tilgreint.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði árshlutareikningsins sem vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðir stjórnenda styðjast við góða reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynt önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Verðtryggðar eignir og skuldir og eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum

Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í árshlutareikningnum. Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. júlí 2019. Útlán og lántökur í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða sölugengi Seðlabanka Íslands í lok júní 2019. Innistæður á gjaldeyrisreikningum í íslenskum bönkum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða kaupgengi viðkomandi viðskiptabanka. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Sölugengi Seðlabanka Íslands í lok tímabilsins:	30.06.2019	31.12.2018
USD	124,76	116,61
DKK	19,04	17,89
JPY	1,16	1,06
EUR	142,10	133,60
Kaupgengi Arion banka í lok tímabilsins		
USD	124,22	116,08
EUR	141,27	132,80
Kaupgengi Landsbankans í lok tímabilsins		
EUR	141,27	132,80
Kaupgengi Íslandsbanka í lok tímabilsins		
USD	124,28	115,93
JPY	1,15	1,06
EUR	141,23	132,76

Skýringar

Vísitölur í upphafi tímabilsins:

	1.7.2019	1.1.2019
Vísitala neysluverðs til verðtryggingar	468,0	460,5

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili stofnuninni framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundruðshluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á tímabilinu.

Afskriftarreikningur útlána

Afskriftarreikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfsemi, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Framlög í afskriftarreikning útlána eru færð til gjalda í rekstrarreikningi að frádregnum endurgreiðslum vegna áður afskrifaðra lána.

Eignarhlutir í félögum

Hlutdeildarfélög, eru félög sem stofnunin á að jafnaði 20-50% eignarhlut í. Eignarhlutir stofnunarinnar í hlutdeildarfélögum eru í upphafi færðir á kostnaðarverði og eftir upphaflega færslu samkvæmt stöðu eiginfjár viðkomandi félags út frá nýjustu upplýsingum frá þeim félögum. Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun. Sé eignarhluti undir 20% en Byggðastofnun með aðila í stjórn félagsins þá er eignarhlutur færður miðað við stöðu eiginfjár út frá nýjustu upplýsingum frá þeim félögum þó þau séu flokkuð á meðal veltufjárbréfa. Matsbreytingar eru færðar yfir rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Fullnustueignir

Fullnustueignir eru færðar á áætluðu söluverði. Matsbreytingar eru færðar yfir rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Útlán

Útlán stofnunarinnar eru útlán til viðskiptavina. Þau eru upphaflega metin á gangvirði, sem er lánsfjárhæðin, auk alls kostnaðar vegna viðskiptanna. Útlán eru síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði. Öll viðskipti stofnunarinnar vegna fjárfestinga hennar eru skráð á viðskiptadegi sem telst sá dagur sem stofnunin hefur skuldbundið sig til viðskiptanna. Áfallnir vextir og verðbætur eru taldir með í bókfærðu virði lána. Vaxtatekjur af lánnum og kröfum eru skráðar undir liðnum „Vaxtatekjur“ í rekstrarreikningi og gengismunur undir liðnum „Gengismunur“. Niðurfærsla er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum útlánnum. Útlán sem eru endanlega töpuð eru færð út úr bókum stofnunarinnar.

Skuldunautar

Kröfur á skuldunauta eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga og að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart hverjum skuldunaut. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Skýringar

Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnstæður.

Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til stofnunarinnar og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

Arðstekjur eru færðar þegar réttur stofnunarinnar til innheimtu liggur fyrir.

Leigutekjur af útleigu fullnustueigna eru færðar samkvæmt línulegri aðferð á leigutímanum.

3. Laun og launatengd gjöld

	2019 janúar-júní	2018 janúar-júní
Laun	142.384	131.983
Lífeyrissjóðsframlög	25.463	23.921
Tryggingagjald	10.726	10.381
Breyting á áunnu orlofi	6.199	15.759
Önnur launatengd gjöld	3.990	4.004
Laun og launatengd gjöld alls	188.763	186.047

Að meðaltali störfuðu 27 starfsmenn hjá stofnuninni á tímabilinu m.v. heilsársstörf. Þann 30. júní 2019 voru 27 starfsmenn á launaskrá hjá stofnuninni og heilsdagsstöðugildi voru 27.

4. Þóknarir til stjórnar, endurskoðunarnefndar og forstjóra

Laun til stjórnar Byggðastofnunar, endurskoðunarnefndar og forstjóra greinast þannig:

	2019 janúar-júní	2018 janúar-júní
Magnús Björn Jónsson, stjórnarformaður frá 12.04.2019	675	0
Illugi Gunnarsson, stjórnarformaður til 12.04.2019	892	1.559
Einar E. Einarsson, varaformaður stjórnar til 05.02.2019	192	1.004
Eiríkur Blöndal, (varamaður) frá 25.04.2018	0	127
Fjóla B. Jónsdóttir, form. endurskoðunarn. til 17.05.2019	205	269
Gunnar Þór Sigbjörnsson, stjórnarmaður frá 25.04.2018	777	254
Gunnar Þorgeirsson, stjórnarmaður	777	769
Halldóra K. Hauksdóttir, varaformaður stjórnar frá 12.04.2019 ..	335	0
Ingunn Guðmundsdóttir, stjórnarmaður til 25.04.2018	0	519
Karl Björnsson, stjórnarmaður	777	773
María Hjálmarisdóttir, stjórnarmaður frá 25.04.2018	777	254
Oddný María Gunnarsdóttir, (varamaður)	0	127
Ólafur V. Sigurbergsson, endurskoðunarnefnd	233	232

Skýringar

Ragna Hjartardóttir form. endurskoðunarn. frá 17.05.2019	68	0
Rakel Óskarsdóttir, stjórnarmaður til 25.04.2018	0	519
Sigríður Jóhannesdóttir, stjórn og endurskoðunarnefnd	932	773
Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri	8.142	8.206
Þóknanir til stjórnar, endurskoðunarn. og forstjóra samtals	14.782	15.385

5. Þóknanir endurskoðenda

Þóknanir endurskoðenda greinast þannig:

	2019	2018
	janúar-júní	janúar-júní
Endurskoðun ársreiknings og könnun árshlutauppgjörs	3.801	3.642
Önnur sérfræðiþjónusta/innri endurskoðun	480	332
Þóknanir endurskoðenda samtals	4.281	3.974

6. Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum og annað framlag ríkissjóðs

	2019	2018
	janúar-júní	janúar-júní
Framlag skv. fjárlögum		
Almennur rekstur	89.400	86.948
Tímabundið framlag vegna versnandi stöðu minnkaræktar	15.000	0
Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni	104.100	101.148
Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum	208.500	188.096

Framlög ríkissjóðs sem fara í gegnum efnahagsreikning

	janúar-júní	janúar-júní
Framlag ríkissjóðs v. Brothættra byggða	0	25.000
Framlag ríkissjóðs v. Sértekra verk. sóknaráætlunarsvæða	140.000	0
Framlag ríkissjóðs v. Byggðarannsóknasjóðs	0	0
Annað framlag ríkissjóðs samtals	140.000	25.000

Veittir styrkir af framlagi ríkissjóðs sem fara í gegnum efnahagsreikning.

	janúar-júní	janúar-júní
Styrkur v. Byggðarannsóknasjóðs	3.495	5.750
Styrkir v. Sértekra verkefna sóknaráætlunarsvæða	127.250	0
Veittir styrkir alls	130.745	5.750

Óúthlutaðir styrkir vegna annars framlags ríkissjóðs eru færði á efnahagsreikning.

Kostnaður Byggðastofnunar vegna verkefnisins „Brothættar byggðir“ nam 43.396 þúsund krónum á tímabilinu og er færður í rekstrarreikning. Tekjur námu 43.396 þúsund krónum og eru færðar meðal annarra rekstrartekna.

Skýringar

7. Gengismunur

	2019	2018
	janúar-júní	janúar-júní
Gengismunur af útlánum	172.732	11.632
Gengismunur af gjaldeyrisreikningum og kröfum	39.800	7.639
Gengismunur af lántökum	(210.029)	(19.125)
	<u>2.504</u>	<u>146</u>

8. Aðrar rekstrartekjur

	2019	2018
	janúar-júní	janúar-júní
Endurgreiddur kostnaður vegna Brothættra byggða	43.396	81.611
Endurgreiddur ýmiss útlagður kostnaður	18.367	11.536
Arður og hagnaður af sölu hlutabréfa	5.953	9.037
Tekjur og hagnaður v. rekstrarfjármuna	748	3.386
Innheimtutekjur	524	849
Annað	1.417	1.777
	<u>70.406</u>	<u>108.197</u>

9. Bankainnstæður

	30.6.2019	31.12.2018
Bankainnstæður í íslenskum krónum	1.712.905	537.225
Bankainnstæður í erlendri mynt	484.036	565.246
Bankainnstæður samtals	<u>2.196.940</u>	<u>1.102.471</u>

10. Útlán til viðskiptavina

	30.6.2019	31.12.2018
Sundurliðun eftir myntum		
Útlán í íslenskum krónum	11.729.181	10.684.514
Útlán í erlendum myntum	2.563.689	2.570.605
Afskriftarreikningur útlána	(1.253.419)	(1.141.845)
	<u>13.039.452</u>	<u>12.113.274</u>

	30.6.2019	31.12.2018
Sundurliðað eftir lántakendum:		
Bæjar- og sveitarfélög	0,00%	0,00%
Einstaklingar	31,96%	29,78%

	30.6.2019	31.12.2018
Sundurliðað eftir atvinnugreinum:		
Þjónustustarfsemi	37,34%	37,37%
Sjávarútvegur	12,70%	14,89%
Iðnaður	7,15%	7,70%
Landbúnaður	10,85%	10,26%
Fjármálastofnanir	0,00%	0,00%
	<u>100%</u>	<u>100%</u>

Skýringar

Útlán með áföllnum vöxtum greinast þannig eftir eftirstöðvatíma:

	30.6.2019	31.12.2018
Gjaldkræfar kröfur	171.251	163.514
Allt að 3 mánuðum	307.611	179.771
Yfir 3 mán. og allt að 1 ári	726.071	794.434
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	3.860.818	3.665.657
Yfir 5 ár	7.973.701	7.309.898
	13.039.452	12.113.274

11. Fullnustueignir

	30.6.2019	31.12.2018
Fasteignir	343.902	325.010
Skip	20.000	22.500
	363.902	347.510

	F. mat	Stærð m ²
Eyrarland 1, Hvammstanga	8.870	159,2
Grænigarður, Ísafirði	69.455	1.366,7
Hafnarstræti 9-13, Ísafirði	6.440	63,1
Nesbraut 7, Reyðarfirði	36.350	722,4
Pálsbergsgata 3 og 5, Ólafsfirði	38.750	1.851,4
Sandhorn, Hrísey	22.700	832,7
Sólvellir 23, Breiðdalsvík	82.755	2.081,6
Strandarvegur 29-33, 29R, Seyðisfirði	12.100	601,0
Strandgata 37, Tálknafirði	12.425	456,1
Valgerðarstaðir 4, Fljótshéraði	125.300	5.148,3
	415.145	13.282,5

Fullnustueignir eru bókfærðar í árshlutareikningi á 363.902 þúsund krónur.

	2019 janúar-júní	2018 janúar-júní
Fjöldi fullnustueigna í eigu Byggðastofnunar í ársbyrjun	10	11
Fullnustueignir innleystar til fullnustu krafna á tímabilinu	1	1
Fullnustueignir seldar á tímabilinu	0	(2)
Fullnustueignir í eigu Byggðastofnunar í lok tímabils	11	10

12. Rekstur fullnustueigna

	2019 janúar-júní	2018 janúar-júní
Leigutekjur	13.233	13.889
Rekstrarkostnaður	16.125	9.848
	(2.893)	4.041

Skýringar

13. Afskriftarreikningur

Hreyfingar í þúsundum króna:

Í gegnum framlög í afskriftarreikning skv. rekstrarreikningi fara framlög í afskriftarreikning útlána og viðskiptakrafna auk matsbreytingar hlutafjár og fullnustueigna. Afskriftarreikningur útlána skiptist í sérstakan afskriftarreikning og almennan afskriftarreikning. Undir sérstakan afskriftarreikning útlána falla lántakar með vanskil umfram 3 mánuði auk lántakenda sem metnir eru með verulega tapshættu. Afskriftarreikningur útlána sundurliðast þannig:

	Sérstakur afskr.reikn.	Almennur afskr.reikn.	Samtals
Afskriftarreikningur útlána 2019			
Staðan 1. janúar	368.721	773.124	1.141.845
Framlög á tímabilinu	102.201	22.656	124.857
Endanlega töpuð útlán	(13.283)	0	(13.283)
Staða 30. júní	457.638	795.781	1.253.419
Afskriftarreikn, útlána í hlutfalli af útlánnum ...	3,20%	5,57%	8,77%

	Sérstakur afskr.reikn.	Almennur afskr.reikn.	Samtals
Afskriftarreikningur útlána 2018			
Staðan 1. janúar	251.516	738.894	990.410
Framlög á tímabilinu	53.719	57.818	111.537
Endanlega töpuð útlán	(7.371)	0	(7.371)
Staða 30. júní	297.864	796.712	1.094.576
Afskriftarreikn, útlána í hlutfalli af útlánnum ...	2,26%	6,05%	8,31%

	2019 janúar-júní	2018 janúar-júní
Framlag á tímabilinu	124.857	111.537
Framlag vegna viðskiptakrafna	0	500
Endurmat fullnustueigna	(15.500)	8.516
Matsverðsbreyting á hlutum í hlutdeildarfélagum	(14.841)	(71.133)
Matsverðsbreyting á veltufjárbréfum	(15.649)	(24.194)
Framlög í afskriftarreikning skv. rekstrarreikningi	78.868	25.226

Skýringar

14. Hlutafjáreign

Í lok tímabilsins átti Byggðastofnun eftirtalin hlutabréf sem greinast þannig eftir nafnverði og eignarhluta:

Hlutdeildarfélag, eignarhlutur > 20%	Eignarhluti	Nafnverð
Ámundakinn ehf.	20,13%	43.815
Dýralíf ehf.	33,81%	4.000
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf.	40,00%	109.142
Fasteignafélagið Hvammur ehf.	24,85%	16.919
Fasteignafélagið Kirkjuból ehf.	30,00%	7.124
Fjallalamb hf.	21,26%	27.344
Fjárfestingafélagið Vör hf.	40,00%	49.756
Hvetjandi ehf.	40,16%	100.448
Molta ehf.	30,00%	50.000
Nes-Listamiðstöð ehf.	35,71%	5.000
Raflagnir Austurlands ehf.	22,37%	3.600
Ullarvinnsla Frú Láru ehf.	29,76%	2.500
Útgerðarfélagið Skúli ehf.	30,01%	24.274
Vilko ehf.	21,99%	21.555
Þörungaverksmiðjan hf.	27,67%	7.919
Hlutdeildarfélag, samtals nafnverð		473.396
Veltufjárbréf, eignarhlutur ≤ 20%	Eignarhluti	Nafnverð
Ásgarður hf.	13,78%	15.000
Borg, saumastofa ehf.	19,82%	170
Eðalís ehf.	11,06%	3.000
Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf.	19,03%	96.840
Fánasmiðjan ehf.	9,95%	4.167
Fiskvinnslan Drangur ehf.	4,08%	1.000
Grand hótél Mývatn ehf.	7,22%	10.000
Hótél Flúðir hf.	4,77%	1.194
Hótél Húsavík ehf.	0,38%	136
Hótél Varmahlíð hf.	13,04%	3.000
Hvalamiðstöðin Húsavík ehf.	19,70%	2.000
Hæðin á Höfðabraut ehf.	12,28%	2.000
P/F Smyril-line (1.868 þús. DKK)	1,67%	35.576
Samkaup hf.	2,84%	10.801
Snorri Þorfinnsson ehf.	19,89%	12.000
Tröllasteinn ehf.	19,72%	7.000
Yrkjar ehf.	6,21%	1.800
Þórsberg ehf.	16,69%	30.191
Veltufjárbréf, samtals nafnverð		235.875
Hlutafjáreign, samtals nafnverð		709.271

Skýringar

Hlutabréf í hlutdeildarfélögum eru bókfærð í árshlutareikningi á 674.017 þúsund krónur og veltufjárbréf eru bókfærð á 587.355 þúsund krónur. Verðmæti hlutabréfa sem hefur verið aflað í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu nema 640.233 þúsundir króna.

15. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Bifreiðar	Hugbúnaður	Samtals
Stofnverð 1/1	71.791	19.889	7.216	98.897
Afskrifað alls 1/1	(5.908)	(7.812)	(5.773)	(19.493)
Bókfært verð 1/1	65.883	12.077	1.443	79.403
Viðbót á árinu	108.266	0	0	108.266
Afskrifað á árinu	(165)	(1.989)	(722)	(2.875)
Selt á árinu	0	0	0	0
Afskrift færð út	0	0	0	0
Bókfært verð 30/06	173.984	10.088	722	184.794
Stofnverð alls 30/06	180.057	19.889	7.216	207.163
Afskrifað alls 30/06	(6.073)	(9.801)	(6.495)	(22.369)
Bókfært verð 30/06	173.984	10.088	722	184.794
Afskriftarhlutföll	2%	20%	20%	

Fasteignir stofnunarinnar eru metnar með eftirgreindum hætti. Til samanburðar er bókfært verð eignanna.

	Fasteignamat	Brunabótamat	Bókfært verð
Háahlíð 4, Sauðárkróki	46.800	78.550	10.382
Sauðármýri 2, Sauðárkróki	7.350	0	163.603
	54.150	78.550	173.984

16. Eignir og skuldir tengdar erlendum gjaldmiðlum og verðtryggingu

Erlent:	30.6.2019	31.12.2018
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	2.733.843	2.879.413
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum	2.967.853	3.070.239
Nettó staða erlendra eigna og skulda	(234.010)	(190.826)

Skýringar

Verðtryggt:		
Verðtryggðar eignir	9.461.224	8.722.205
Verðtryggðar skuldir	10.710.714	8.433.856
Nettó staða verðtryggðra eigna og skulda	(1.249.490)	288.349

Tekið hefur verið tillit til niðurfærslu eigna.

Erlendar eignir og skuldir skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:

30.6.2019	USD	JPY	EUR	Samtals
Útlán	323.990	492.425	1.433.392	2.249.808
Handbært fé	323.629	58.640	101.766	484.036
Eignir samtals	647.619	551.066	1.535.158	2.733.843
Lántökur	713.865	661.977	1.592.012	2.967.853
Nettó staða	(66.245)	(110.911)	(56.853)	(234.010)

31.12.2018	USD	JPY	EUR	Samtals
Útlán	321.841	509.689	1.482.637	2.314.167
Handbært fé	335.907	96.500	132.839	565.246
Eignir samtals	657.748	606.189	1.615.476	2.879.413
Lántökur	718.777	672.537	1.678.926	3.070.239
Nettó staða	(61.028)	(66.348)	(63.450)	(190.826)

Tekið hefur verið tillit til niðurfærslu eigna.

17. Lántökur og skuldabréfaútgáfur

Sundurliðun eftir tegund	30.6.2019	31.12.2018
Verðtryggðar skuldabréfaútgáfur	10.710.714	8.433.856
Erlendar lántökur	2.967.853	3.070.239
	13.678.567	11.504.095

Skýringar

Lántökur sundurliðast þannig eftir eftirstöðvatíma:

	30.6.2019	31.12.2018
Gjaldkræft	0	0
Allt að 3 mánuðum	275.973	172.444
Yfir 3 mán. og allt að 1 ári	1.276.427	1.143.919
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	5.333.879	4.670.471
Yfir 5 ár	6.792.288	5.517.261
	<u>13.678.567</u>	<u>11.504.095</u>

Lántökur skiptast þannig eftir mynt:

	Greiðslu- skilmálar	Loka- gjaldddagi	Vaxtakjör	30.6.2019	31.12.2018
ISK	Jafnar gr.	2030-2034	1,96-5,0% verðtr.	10.710.714	8.433.856
USD ..	Jafnar afb.	2025	Libor +1,5%	713.865	718.777
JPY ...	Jafnar afb.	2023	Libor +1,5%	661.977	672.537
EUR ..	Jafnar afb.	2021-2025	Euribor +0,2-1,45%	1.592.012	1.678.926
				<u>13.678.567</u>	<u>11.504.096</u>

18. Eigið fé

Samkvæmt 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki skal eiginfjárgrunnur í heild nema að lágmarki 8% af áhættugrunni, en í lok júní var eiginfjárhlutfall stofnunarinnar 20,07%. Fjármálaeftirlitið (FME) hefur ákveðið í samræmi við heimildir sínar, samkvæmt 1. og 2. mgr. 86. gr. d laga um fjármálafyrirtæki, sveiflujöfnunarauka fyrir stofnunina auk verndunarauka skv. 86 gr. e sömu laga. Samanlögð krafa um eiginfjárauka er 4,25%. Skv. ákvörðun FME skal Byggðastofnun viðhalda 1,75% sveiflujöfnunarauka og 2,5% verndunarauka frá og með 15. maí 2019. Samkvæmt bréfi FME dags. 1. febrúar 2019 skal Byggðastofnun viðhalda 2,0% sveiflujöfnunarauka frá 1. febrúar 2020.

	1.1.2018	15.5.2019	1.2.2020
Lögbundin krafa um eiginfjárhlutfall	8,00%	8,00%	8,00%
Sveiflujöfnunarauki	1,25%	1,75%	2,00%
Verndunarauki	2,50%	2,50%	2,50%
Samantölð krafa um eiginfjárauka	<u>3,75%</u>	<u>4,25%</u>	<u>4,50%</u>
Samantölð eiginfjáarkrafa	<u>11,75%</u>	<u>12,25%</u>	<u>12,50%</u>

Eigið fé og eiginfjárhlutfall samkvæmt eiginfjárákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki

Skýringar

	30.6.2019	31.12.2018
Staða eigin fjárs í upphafi árs	3.120.680	3.007.293
Hagnaður tímabilsins/ársins	24.747	113.387
Eigið fé í lok tímabils	3.145.427	3.120.680
Gangvirðisbreyting fjáreigna og fjárskulda	(11.972)	0
Eiginfjárgrunnur í lok tímabils	3.133.455	3.120.680
Útlánaáhætta	13.624.464	12.587.677
Markaðsáhætta	111.761	82.852
Rekstraráhætta	1.875.138	1.875.138
Áhættugrunnur	15.611.363	14.545.667
Eiginfjárlutfall	20,07%	21,45%

19. Ábyrgðir og skuldbindingar

Byggðastofnun var ekki í neinum ábyrgðum gagnvart þriðja aðila þann 30. júní 2019. Í lok júní voru 64 lánsloforð að fjárhæð 3.425 milljónir króna óafgreidd. Samkvæmt reglum Byggðastofnun falla lánsloforð niður 12 mánuðum frá því þau eru samþykkt.

Byggðastofnun hefur á leigu 3. hæð á Ártorgi 1, Sauðárkróki. Leigusamningurinn er runninn út en framlengist um eitt ár í senn sé honum ekki sagt upp og skal uppsögn miðast við áramót. Áætluð leigugreiðsla á árinu 2019 er 25 mkr.

20. Önnur mál

Um mitt ár 2018 var haldið útboð vegna byggingar nýs skrifstofuhúsnæðis fyrir Byggðastofnun á Sauðárkróki. Voru öll tilboð sem bárust töluvert hærri en kostnaðaráætlun og ákvað stjórn Byggðastofnunar að hafna öllum tilboðum og endurskoða verkið. Lægstbjóðandi í útboðinu hefur sent stofnuninni bréf þar sem krafist er bóta vegna galla á útboðinu en stofnunin hefur hafnað þeim kröfum.

21. Viðskipti við tengda aðila

Stjórn Byggðastofnunar, lykilstjórnendur og hlutdeildarfélag eru skilgreind sem tengdir aðilar auk náinna fjölskyldumeðlima framangreindra og lögaðila undir yfirráðum þeirra. Engin óvenjuleg viðskipti áttu sér stað við tengda aðila á tímabilinu. Engar ábyrgðir hafa verið veittar tengdum aðilum vegna viðskiptaskulda eða viðskiptakrafna.

Útlán til tengdra aðila þann 30. júní 2019 voru 351.947 þús.kr. og vanskil voru 7.468 þús.kr.

Laun stjórnar, endurskoðunarnefndar og forstjóra er getið í skýringu 4.